

Persónuverndarstefna Vinnslustöðin hf.

Almennt

Vinnslustöðin hf. leggur ríka áherslu á vernd og öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni. Persónuverndarstefna þessi tekur til vinnslu persónuupplýsinga sem Vinnslustöðin ber ábyrgð á sem ábyrgðaraðili.

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega, svo sem vegna breytinga á því hvernig Vinnslustöðin vinnur með persónuupplýsingar, eða vegna breytinga á regluverki sem gildir um persónuvernd á hverjum tíma. Uppfærð persónuverndarstefna tekur gildi án fyrirvara með birtingu á heimasíðu félagsins.

Útgáfa þessi var samþykkt og gefin út þann 22. október 2019.

Vinnsla og tilgangur

Vinnslustöðin leggur mikið upp úr meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga og að vinnsla sé aðeins í samræmi við skýran og málefnalegan tilgang. Félagið leggur áherslu á að eingöngu séu skráðar persónuupplýsingar sem eru viðeigandi í hvert skipti og ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Félagið safnar persónuupplýsingum um starfsmenn, gesti á heimasíðu og í húsakynnum félagsins, í tengslum við viðburði og markaðsstarf, og um tengiliði viðskiptavina og birgja.

Grundvöllur söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga er í sumum tilvikum samningur eða samningsumleitanir. Tilgangurinn er þá yfirleitt kaup og/eða sala á þjónustu og vörum.

Í einstaka tilfellum vinnur Vinnslustöðin persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis einstaklinga og er það helst í tengslum við viðburðarhald og/eða markaðsstarf.

Félagið heldur úti rafrænu myndavélakerfi í húsakynnum sínum í Vestmanneyjum og eru persónuupplýsingar unnar úr kerfinu á grundvelli hagsmuna félagsins af því að gæta eigna sinna og öryggis starfsmanna og gesta.

Varðveislutími

Vinnslustöðin geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu, nema lengri geymslutíma sé krafist, til dæmis í lögum. Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða höfða mál vegna réttarkröfu mun félagið varðveita þær upplýsingar á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

Miðlun og öryggi

Persónuupplýsingum kann að vera miðlað til þriðju aðila (vinnsluaðila) til þess að vinna tiltekin verkefni tengd starfsemi og rekstri félagsins.

Vinnslustöðin tryggir í þeim tilvikum, samkvæmt fyrirmælum í vinnslusamningi, að aðeins sé veittur aðgangur að persónuupplýsingum sem eru nauðsynlegar til að ljúka við verkefni eða veita ákveðna þjónustu, og að um ábyrga og örugga vinnsluaðila sé að ræða.

Að öðru leiti er persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðja aðila, nema að fengnu samþykki eða ef slík miðlun er í samræmi við ákvæði samninga, laga eða dómsúrskurð.

Félagið gerir viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstafanir eru reglulega teknar út og stöðugt er unnið að umbótum. Gætt er að því að uppfæra persónuupplýsingar eftir þörfum og þær eru ekki varðveittar lengur en þörf er á.

Stjórn og aðgangur að persónuupplýsingum

Einstaklingar sem óska eftir upplýsingum um vinnslu persónuupplýsingar eða vilja nýta réttindi tengd þeim, eins og að:

- fá afrit af persónuupplýsingum;
- óska eftir leiðréttingu upplýsinga, enda séu þær ófullkomnar eða ónákvæmar;
- andmæla vinnslu persónuupplýsinga og/eða óska eftir því að vinnsla sé takmörkuð;
- óska eftir því að persónuupplýsingum sé eytt við ákveðnar aðstæður;
- leggja fram kvörtun til Persónuverndar um vinnslu félagsins. Nánari upplýsingar um það ferli má finna á heimasíðu Persónuverndar: <https://personuvernd.is>.

Réttindi einstaklinga tengd vinnslu persónuupplýsinga geta að vera háð takmörkunum sem má meðal annars leiða af lögum og/eða öðrum hagsmunum. Tekið er við fyrirspurnum vegna persónuverndar hjá Vinnslustöðinni í gegnum netfangið: abendingar@vsv.is.

Vinnslustöðin mun ávallt óska eftir formlegri staðfestingu á auðkenni einstaklinga sem senda fyrirspurn tengdar vinnslu persónuupplýsingum. Fyrirspurnum er svarað eins fljótt og auðið er og aldrei seinna en innan 30 daga. Afgreiðsla erinda er almennt gjaldfrjálts.

Vefkökur (e. cookies)

Vefkökur eru textaskrár sem eru vistaðar á því tæki sem notað er til að heimsækja vefsíðu Vinnslustöðvarinnar (<https://vsv.is>).

Mismunandi tegundir af vefkökum eru til. Vinnslustöðin notar eingöngu vefkökur sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja virkni vefsíðu félagsins.

Vinnslustöðin notar Google Analytics til vefmælinga. Ákveðin atriði eru skráð við hverja komu inn á vefsíðu félagsins, svo sem tími og dagsetning komu, leitarorð, frá hvaða vef er komið, gerð vafra og stýrikerfis. Þessar upplýsingar eru notaðar við vefþróun.